

## 15. gr.

Eftirlitsmenn fjarhitunarinnar skulu hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## V. KAFLI

## 16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 11. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 157, 25. mars 1988.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. júlí 1988.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

## um breytingu á deiliskipulagi í Norðurbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 27. júní 1988 staðfest uppdrátt af breytingu á deiliskipulagi Norðurbæjar í Hafnarfirði að því er varðar Víðistaðasvæði.

Breytingin er fólgin í því að aðkoma að Víðistaðakirkju verður frá Hraunbrún og á svæði sem ætlað var fyrir íþróttaleikvöll er gert ráð fyrir dagvistarstofnun, félagsmiðstöð, skólagörðum og tjaldstæðum ásamt almennri útivist.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og Skipulagsstjórn ríkisins hefur mælt með því að hann verði staðfestur.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1988.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*